

# Starf markaðs- og kynningarfulltrúa hjá Snæfellsbæ er laust til umsóknar.

Snæfellsbær óskar eftir að ráða hæfileikaríkan og áhugasaman einstakling í starf markaðs- og kynningarfulltrúa. Starfið er margþætt og krefst góðrar færni á ýmsum sviðum.

## Hlutverk og ábyrgðarsvið:

Um er að ræða umsjón með markaðs-, upplýsinga- og kynningarmálum í Snæfellsbæ, m.a. umsjón með vef Snæfellsbæjar, samfélagsmiðlum tengdum Snæfellsbæ, auglýsingagerð, sérverkefnum, samantektum og skýrslugerð. Fulltrúinn þarf að vera leiðandi í sínu starfi og hugmyndaríkur þegar kemur að því vinna við styrkumsóknir og skýrslugerð vegna markaðs-, menningar- og ferðamálatengdra verkefna af hálfu Snæfellsbæjar.

Fulltrúinn aðstoðar starfsmenn/nefndir Snæfellsbæjar, einstaklinga og félagsamtök, í samráði við bæjarstjóra og bæjarritara, við skipulagningu og utanumhald viðburða í Snæfellsbæ.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg en þó ekki skilyrði.

Reynsla af umsjón og uppbyggingu vefsvæða er kostur og jafnframt menntun eða reynsla á sviði framsetningar kynningarefnis. Gott vald á ritun íslensku og ensku er skilyrði, jafnframt þekking á ritvinnslu (excel, word, powerpoint) og góður hæfileika til að tjá sig í rituðu máli.

Stafið krefst frumkvæðis og metnaðar. Umsækjandi þarf jafnframt að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa góða skipulagshæfileika ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

## Annað:

Um er að ræða fullt starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SAMFLOTs bæjarstarfsmannafélaga.

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf eigi síðar en 1. nóvember 2017.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september nk.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn til Lilju Ólafardóttur, bæjarritara, á netfangið [lilja@snb.is](mailto:lilja@snb.is), eða til Kristins Jónassonar, bæjarstjóra, á netfangið [kristinn@snb.is](mailto:kristinn@snb.is). Umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni til starfsins út frá ofangreindum hæfniskröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. 2 umsagnaraðila í umsókn sinni.

Öllum umsóknum verður svarað